

Stjórnarfundur ÍTF 23. janúar 2025

Mættir fulltrúar: Orri, Guðbjörg, Baldur, Heimir, Styrmir og Samúel á Teams.

Fjarrverandi: Heimir

Ritari: Birgir framkvæmdastjóri ÍTF.

Fundur settur kl 12:30

Fyrir var tekið:

1. Aðalfundur ÍTF

- Aðalfundur ÍTF var auglýstur þann 13. febrúar en sökum þess að Víkingur eiga leik í Sambandsdeildinni á þeim degi þá var samþykkt að færa fundinn til 12. febrúar.
- Orri Hlökkversson hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til formanns ÍTF. Orri hefur verið formaður ÍTF síðan 2021. Kosið verður um 4 sæti, formann, varaformann, ritara og stjórnarsæti. Mikilvægt að tilkynna í hvaða framboð aðilar eru bjóða sig fram í.
- Framboðsfrestur til stjórnar ÍTF þarf að berast til framkvæmdastjóra 29. janúar.
- Lagt til að fundarstjóri verði Stefán Geir Þórisson, Birgi falið að hafa samband við Stefán

2. Ársþing KSÍ

- Fjórir aðilar eru til framboðs, Halldór Breiðfjörð, Helga, Tinna Hrund og Unnar.
- Frestur til að skila inn framboðum er til 8. febrúar.
- Fram hafa komið 3 tillögur frá aðildarfélögum ÍTF. Valur er með tillögu um að fjölga varamönnum á leikskýrslu í efstu deild. Vestri er með tillögu um að fjölga erlendum leikmönnum utan EES. Víkingur eru með tillögu að breytingum á spjaldakerfi KSÍ í Bestu deild og Lengjudeild. ÍTF hvetur aðildarfélögin að kynna sér tillögurnar vel fyrir ársþingið.
- Umræður um aðrar tillögur sem bárust KSÍ.

3. Besta deildin – markaðsmál

- Björn Þór yfir markaðskostnað Bestu deildar. Umræður hafa verið með meðal félaga varðandi auglýsingakostnað við Bestu deildina. Björn Þór fór ítarlega yfir þær samningskyldur sem hvíla á ÍTF vegna samninga okkar við samstarfsaðila Bestu deildar. Markaðstekjur ÍTF hafa vaxið árlega en allir samstarfssamningarnir byggja á virði birtinga og er því mikilvægt að okkar samstarfsaðilar fái þær birtingar sem þeir greiða fyrir. Kostnaðurinn á síðasta ári fyrir auglýsinguna og birtingarnar voru í kringum 13.5 m.kr í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun. Umræður um að fara ítarlega yfir öll þessi markaðs og kostnaðarmál á fundi með félögum í Bestu deild. Komin eru 3 tilboð frá framleiðslufyrirtækjum varðandi auglýsingu fyrir komandi tímabil. Birni Þór falið að semja við aðila fyrir komandi tímabil á sambærilegum nótum og á síðustu árum.

4. Endurnýjun samninga

- a. Unnið er að endurnýjun á samningum við Spiideo, Wyscout og Opta fyrir komandi tímabil. Kostnaður við Wyscout hefur hækkað frá fyrra ári en félögin nýta Wyscout mikið og mikilvægt að klára nýjan samning fyrir komandi tímabil.
- b. Genius Sports hefur lýst yfir áhuga að framlengja núverandi samning við ÍTF. Samtal er í gangi og mun Birgir upplýsa stjórn þegar málið hefur verið tekið lengra. Unnið er að því að semja við nýjan samstarfsaðila fyrir Nóa Siríus, margir fundir hafa verið teknir og eru áhugasöm fyrirtæki í viðræðum við ÍTF.

5. Skattamál

- a. Haldinn var fundur með aðildarfélögum ÍTF þann 13. Janúar síðastliðinn. Þar fór Þórir og Jón Rúnar yfir þá vinnu sem ÍTF hefur unnið með Deloitte á undanförunum mánuðum. Ákveðið var að boða til annars fundar með Deloitte þar sem Jónas Gestur mun fara yfir stöðu mála. Umræður í stjórn að bjóða félögum í efstu deild í körfubolta og handbolta á fundinn. Málafnið er þessum félögum afar mikilvægt og mikilvægt að hreyfingin komi fram sem ein heild. Fulltrúi stjórnar KSÍ hefur óskað eftir því að sitja fundinn.
- b. Fundurinn verður haldinn í fyrstu vikuna í febrúar í höfuðstöðvum Deloitte. Birgi falið að hafa samband við félög í Bónus og Olísdeildinni og kanna áhuga þeirra á að taka þátt í þessari vinnu með ÍTF.

6. Advise

- a. Birgir og Styrmir fóru yfir Advise hugbúnaðarlausnina sem ÍTF mun taka í notkun á komandi dögum. Advise tengist bókhaldskerfi viðkomandi félagi og gefur stjórnendum möguleikann á því að sjá stöðuna á rekstrinum í raunstöðu hverju sinni. Hugbúnaðurinn er mjög einfaldur í notkun og jafnframt er uppsetningin afar einföld og hægt að aðlaga hana að hverju félagi fyrir sig. Birgi falið að kanna áhuga aðildarfélaga á fundi með Advise þar sem þeir munu kynna lausnina sína.

7. Önnur mál

- a. Hækkun á gjaldskrá KSÍ: Birgir fór yfir bréf frá KSÍ þar sem kynntar voru hækkanir á gjaldskrá KSÍ fyrir 2025. Einnig var rætt um breytingar á mannvirkjasjóði KSÍ sem hefur núna verið afnuminn fyrir félögin. Árlegar greiðslur hafa verið í kringum 30 m.kr árlega sem félögin hafa nýtt til margvísilegra framkvæmda hjá sínu félagi. Birgi falið að taka saman þessar breytingar og undanfarinna ára og koma áleiðis til aðildarfélaga.
- b. Nýjar lánareglur – Flutningur afreksleikmanna – málinu vísað til stjórnar ÍTF.

8. Ekki fleira rætt og fundi slitið 14:30